

Fundargerð stjórnar Fimleikasambands Íslands

6. fundur haldinn í fundarsal C ÍSÍ 9. 11. 2015 kl. 20:00

Fundinn sátu: Arnar Ólafsson formaður (tók þátt með fjarfundarbúnaði) Kristinn Arason varaformaður, Sunna Sigurðardóttir gjaldkeri, Kristín Ívarsdóttir ritari, Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir meðstjórnandi, Berglind Pétursdóttir formaður tækninefndar kvenna, Sigurður Hrafn Pétursson formaður tækninefndar karla, Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir formaður tækninefndar í hóp fimleikum, Sólveig Jónsdóttir framkvæmdastjóri, Sæunn Viggósdóttir fjármálastjóri og Íris Svavarsdóttir sviðsstjóri.

Boðuð forföll: Þóra Margrét Hjaltested.

Fundargerð ritaði: Sæunn Viggósdóttir

1. Erindi frá skrifstofu

Norðurlandamót í áhaldafimleikum – boðsbréf

Skrifstofuna sendi út boð á hin norðurlöndin á mótið sem haldið verður í byrjun maí. Búið var að senda út póst á félögin að óska eftir félagi til samstarf við mótahaldið. Engin umsókn hefur enn borist en frestur er til 15. nóvember.

2. Erindi frá skrifstofu

Aftekssjóður ÍSÍ – breyting á umsóknarferli

ÍSÍ hefur gert breytingu á umsóknarferli í aftekssjóðinn. Formin eru öðruvísi núna og skrifinnskan minni en venjulega. Við fengum ekki langan frest til þess að vinna umsóknirnar en verið er að því þessa dagana því skil eru á miðvikudaginn. FSÍ fagnar breytingum á umsóknarferli.

3. Erindi frá skrifstofu

Dómaraskírteini FSÍ

Búið er að gera dómaraskírteini fyrir sambandið og er byrjað að útdeila þeim. Dómarar sem mættu á haustmót 2 um síðustu helgi fengu sín skírteini. Verið er að vinna í skírteinum fyrir stjórn, formenn félaga, formenn nefnda, nefndir og heiðursfélaga,

4. Erindi frá skrifstofu

Starfshópur um móta – og dómaramál, erindisbréf

Erindisbréf kynnt og tillaga að nöfnum í starfhópinum, töllögurnar voru ræddar og ákveðið var að senda bréfið út á viðkomandi einstaklinga.

5. Erindi frá skrifstofu

Starfshópur um fjáröflunar og markaðsmál – erindisbréf

Ekki var virk nefnd um fjáröflunar- og markaðsmál hjá sambandinu eins og reglugerðir segja til um. Erindisbréfið var kynnt og tillaga að nöfnum í starfshópinn, töllögurnar voru ræddar og ákveðið var að senda bréfið út á viðkomandi einstaklinga.

6. Erindi frá skrifstofu

Norðurlandamót í hóp fimleikum

Sólveig og Íris kynntu stöðu mála á Norðurlandamótinu í hóp fimleikum sem haldið verður í Vodafonehöllinni um næstu helgi. Undirbúningur er í hámarki og gengur vel að skipuleggja það.

7. Erindi frá skrifstofu

Mótahald FSÍ – þau mót sem eru búin

TM mótið haldið í Ármanni, haustmót 1 í þrepum á Akureyri, Íslandsmót í stökkfimi á Akureyri og haustmót 2 í Björkunum.

Öll mótin gengu vel fyrir sig, þó var nokkur vonbrigði með lélega mætingu á haustmót 2 og einnig umræða um ófullnægjandi áhöld.

FSÍ þakkar mótshöldurum fyrir.

8. Erindi frá skrifstofu

Heimsmeistaramótið í Glasgow

Sex keppendur fóru fyrir Íslands hönd á Heimsmeistaramótið í áhaldafimleikum sem haldið var í Glasgow nú á dögnum. Einn keppandi gat þó ekki keppt þegar á hólminn var komið vegna meiðsla. Keppendum Íslands gekk misvel en öll koma þau heim reynslunni ríkari. Frábær árangur náðist þegar Irina Sazonova náði þeim árangri að tryggja Íslandi sæti á forkeppni Ólympíuleikana í Ríó 2016. Keppnin verður haldin í apríl næstkomandi.

9. Erindi frá skrifstofu

Forkeppni Ólympíuleikana í Ríó

Nú hefur forkeppni Ólympíuleikana í Ríó bæst við viðburðardagatal FSÍ. Í ljósi þess þarf að endurskoða mótadagskrána, en Íslandsmótið í áhaldafimleikum er sett þessa sömu helgi. Fundarmenn voru sammála um að það þyrfti að færa Íslandsmótið til að tryggja það að allir okkar bestu keppendur eigi möguleika á að mæta til leiks þar. Ný dagsetning verður birt eins fljótt og auðið er.

10. Erindi frá skrifstofu

Fimleikafólk ársins/uppskeruhátið FSÍ

Óskað eftir því á fundinum að tækninefndir færi að huga að tilnefningum til fimleikafólks ársins. Stjórn óskar eftir því að tækninefndir sendi inn tilnefningar til 1.-3. sætis, stjórn velur svo úr þeim tilnefningum.

Fundi slitið klukkan 21:29

7. fundur sjórnar verður haldinn mánudaginn 23. nóvember